




MÁL OG LÆSI

SNEMMTÆK ÍHLUTUN Í LEIKSKÓLUM

UM VERKEFNIÐ

Mál og læsi: Snemmtæk íhlutun í leikskólum er þróunarverkefni í samstarfi Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu (MMS) og sveitarfélaga. Markmiðið er að styrkja starfsfólk leikskóla í vinnu með málörvun og grunnþætti læsis og tryggja að öll börn fái þá kennslu og íhlutun sem þau þurfa á leikskólaaldri.

Verkefnið byggir á snemmtækri íhlutun – hugmyndafræði sem leggur áherslu á að bregðast snemma við þörfum barna í stað þess að bíða og sjá. Rannsóknir sýna að markvisst starf á leikskólaaldri getur dregið verulega úr líkum á lestrarörðugleikum síðar á skólagöngunni.


Verkefnið er hannað af Ásthildi Bj. Snorradóttur, talmeinafræðingi, sem hefur um árabil starfað að snemmtækri íhlutun og málörvun barna á leikskólaaldri. Það hefur verið innleitt í fjölda sveitarfélaga um allt land.

MARKMIÐ VERKEFNIS

Verkefnið hefur tvö meginmarkmið:

1. Að valdefla starfsfólk leikskóla til að beita þeim aðferðum við málörvun sem skila góðum árangri í daglegu starfi.
2. Að öll börn nái hámarksárangri í máli, tali, boðskiptum og séu vel undirbúin fyrir læsisnám.






Lögð er áhersla á að efla starfsfólk leikskóla til þess að veita hverju barni markvissa málörvun út frá þörfum þeirra og þroska.

Jafnframt er lögð rík áhersla á að sérstaða hvers leikskóla fái notið sín.

ÁVINNINGUR MEÐ ÞÁTTTÖKU

Leikskólar sem taka þátt í verkefninu geta búist við:

- Aukinni þekkingu starfsfólks á málörvun og mikilvægi hennar
- Aukinni þekkingu starfsfólks á stuðningi við fjöltyngd börn
- Aukinni þekkingu starfsfólks á íhlutun fyrir börn með málþroskavanda
- Markvissari vinnu með málörvun í daglegu starfi
- Markvissari vinnu í málörvunarstundum
- Aukinni þekkingu á mikilvægi þess að vera góð málfyrirmynd
- Aukinni þekkingu á mikilvægi lestrarstunda
- Aukinni færni í að skipuleggja og halda lestrarstundir
- Leiðarvísir/handbók fyrir starfsfólk og foreldra um málþroska og læsi



MÁL OG LÆSI: SNEMMTÆK ÍHLUTUN Í LEIKSKÓLUM